

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Jóni Gnarr um ættarnöfn.

1. *Hver eru 30 algengustu ættarnöfn, íslensk og erlend, sem skráð eru í þjóðskrá? Hversu margir bera hvert ættarnafn?*

Í töflu að aftan má sjá lista með algengustu ættarnöfnum, bæði íslenskum og erlendum, sem skráð eru í þjóðskrá og fjölda þeirra sem bera hvert ættarnafn. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands er umrædd vinnsla ekki fullkomlega nákvæm þar sem ekki er unnt að taka einungis ættarnöfn úr grunni þjóðskrár. Grunnurinn er settur saman úr ættarnöfnum og kenninöfnum sem taka til kenningar til foreldra. Þó má ætla að listinn sé nokkuð nákvæmur. Þá eru í listanum fleiri en 30 ættarnöfn þar sem ekki er gerður greinarmunur á íslenskum og erlendum ættarnöfnum.

Úttekt þessi er unnin úr gögnum í einstaklingaskrá og nafnaskrá. Kenninöfn eru sundurliðuð á bilum og þeim raðað eftir fjölda. Minni háttar handvirkar lagfæringar þurfti að gera þar sem samsett ættarnöfn komu ekki rétt fram við vinnslu. Á það t.d. við um orðin „de“ og „da“ sem eru hluti af samsettu nafni.

1. Nguyen	615	26. Martin	179	51. Hall	136	76. Sandholt	110
2. Blöndal	472	27. Bui	178	52. Nowak	136	77. Þormar	109
3. Hansen	458	28. Pereira	176	53. Tran	134	78. Laxdal	108
4. Thorarensen	354	29. Lopez	173	54. Berndsen	131	79. Gröndal	107
5. Rodriguez	351	30. Sanchez	169	55. Christensen	129	80. Jörgensen	106
6. Andersen	329	31. Fjeldsted	166	56. Ramos	128	81. Pinto	106
7. Santos	321	32. Pedersen	164	57. Beck	127	82. Bender	105
8. Nielsen	317	33. Kvaran	161	58. Clausen	126	83. Hoang	104
9. Garcia	291	34. Martins	160	59. Ottesen	125	84. Holm	101
10. Olsen	289	35. Hernandez	158	60. Bachmann	124	85. Ahmed	100
11. Jensen	283	36. Hjaltested	158	61. Cruz	124	86. Kolbeins	100
12. Möller	253	37. Da Silva	156	62. Ali	123	87. Fernandes	99
13. Thoroddsen	244	38. Larsen	156	63. Almeida	121	88. Berg	98
14. Scheving	230	39. Martinez	151	64. Stephensen	121	89. Hafberg	98
15. Bergmann	225	40. Norðdahl	149	65. Hólm	120	90. Johnsen	97
16. Briem	218	41. Johnson	148	66. Diaz	119	91. Kowalczyk	97
17. Thorlacius	217	42. Fernandez	147	67. Nasser	118	92. Snædal	95
18. Waage	209	43. Gurung	147	68. Ribeiro	118		
19. Perez	202	44. Oliveira	144	69. Lund	116		
20. Gonzalez	200	45. Sousa	144	70. Johansen	115		
21. Smith	200	46. Rodrigues	143	71. Gomes	114		
22. Ferreira	196	47. Gomez	142	72. Kjærnested	114		
23. Pham	195	48. Albayyouk	139	73. Norðfjörð	114		
24. Petersen	188	49. Richter	137	74. Ruiz	113		
25. Hjaltalín	182	50. Costa	136	75. Schram	111		

2. *Hvernig gerir Þjóðskrá Íslands greinarmun á íslenskum og erlendum ættarnöfnum?*

Þjóðskrá Íslands heldur ekki utan um skráningu er varðar uppruna ættarnafna og gerir því ekki greinarmun á íslenskum og erlendum ættarnöfnum. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands styðst stofnunin hins vegar við skrána *Ættarnöfn á Íslandi* á vef Árnastofnunar til að afla upplýsinga um hvort nöfn hafi stöðu ættarnafns hér á landi.